



# KEPPNISNEFND LH

## STARFSSKÝRSLA 2014-2016

Starf keppnisnefndar hefur verið nokkuð hefðbundið á milli þinga, þ.e. að koma lagabreytingum sem samþykktar eru á landsþingum og FEIF þingum, út í nýjum lögum og reglum hvers árs, eins og lög segja til um eða fyrir 1. apríl. Hver útgáfa er merkt með ártali og ef um aðra útgáfu er að ræða er hún merkt með ártali og útgáfunúmeri, til dæmis eru núna í gildi *Lög og Reglur LH 2016-2* og annað ekki. Hugsanlega þarf að auðkenna nýjar útgáfur betur þegar þær koma út t.d með litamun.

### Mikilvægt að lesa *Lög og reglur vel*

Okkur finnst við þurfa að ítreka það að bæði mótshaldarar og keppendur lesi lög og reglur sambandsins vel og fari eftir þeim í hvívetna. Við tökum eftir því að það þarf að skerpa á þessu og ítreka mikilvægi þess að vera vel lesinn um lög og reglur. Mikið er hringt í keppnisnefndarfólk og beðið um ráðleggingar varðandi ýmis atriði keppnishaldsins og teljum við það vera eitt af hlutverkun nefndarinnar, að veita ráð um túlkun og framkvæmd reglnanna.

Hvað það er sem orsakar það að slakna sé á því að farið sé eftir reglunum er ekki gott að segja, en þetta vandamál snýr frekar að gæðingakeppninni. Til að mynda eru haldin mjög mörg stór mót sem ekki eru haldin samkvæmt reglum, þ.e. þau eru ekki auglýst þannig að auðvelt sé að átta sig á að um sé að ræða mót sem ekki uppfylla skilyrði þess að vera lögleg og þau rata jafnvel alla leið inn á árangurlista án þess að vera merkt sem mót sem EKKI uppfylla allar reglur. Við teljum að það þurfi að skerpa á þessu inn á við þannig að dómarar og mótshaldarar séu vissir um hvað er að öllu leyti rétt og hvað ekki.

Á landsmótsárum eru alltaf miklar vangaveltur varðandi úrtökur og nú varðandi stöðulistana sem veittu þátttökurétt inná landsmót. Nefndin þarf að skerpa á þessum reglum og gera þær afdráttarlausari og skýrari. Við teljum hugsunina vera alveg skýra eins og þetta hefur verið túlkað í langan tíma.

### Lög og reglur verði yfirfarnar

Lög og reglur LH eru samsettar af FIPO og íslenskum reglum og sérreglum. FIPO reglur taka einhverjum breytingum á hverju ári, þetta leiðir það af sér að okkar reglupakki er orðinn „dálítill bútasumur“ sem er ekki nógu gott. Keppnisnefnd leggur til að lagst verði í yfirferð á reglunum eftir landsþing ekki síst vegna þess að FEIF er að klára sína endurskoðun sem væntanlega verður klár í febrúar 2017. Svo er spurning hvort ekki þurfi að hægja á

breytingum á reglum, þetta hefur þróast nokkuð vel og ætti að vera að vera viðunandi í allavega 2 ár í senn, nema upp komi séstakar aðstæður og þá hefur kjörin stjórn LH möguleika á að bregðast við.

### **Meira samstarf**

Samstarf nefnda og jafnvel stjórnar LH þarf að vera meira og betra. Skýrari verkferlar og skipurit eru besta leiðin til að stuðla að þess háttar samvinnu og jafnvel fleiri fundir. Sú vinna er hafin hjá stjórn LH og hefur nefndin einnig hafið þá vinnu og boðið fram sína krafta í það verkefni.

### **Nefndarfólk**

Nefndin fundar eftir þörfum og talar mikið saman í síma og á tölvupósti. Mest er fundað í framhaldi af þingum og fyrir útgáfu reglnanna hverju sinni.

Nefndin er þannig skipuð:

Sigurður Emil Ævarsson, formaður  
Hulda Gústafsdóttir, er í sportnefnd FEIF  
Þórir Örn Grétarsson  
Súsanna Sand Ólafsdóttir  
Ólafur Þórisson  
Ágúst Hafsteinsson  
G. Snorri Ólason

Þetta er frábærlega samsettur hópur og vel tengdur. Þetta eru dómarmar, keppnisfólk og mótshaldarar og þetta er hópur sem fylgist mjög vel með bæði hér heima og erlendis.

Vil ég þakka þeim frábært samstarf og góða fundarmætingu.

F.h. Keppnisnefndar LH,  
Siggi Ævars